

Hlíf Sigurjónsdóttir stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og síðar sótti hún tíma hjá Gerald Beal í New York. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum síðustu aldar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sínfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum. Frá nýliðnum árum má nefna tónleika í Weill sal Carnegie Hall í New York og í Washington borg, í röðinni *The Embassy Series*. Hún vinnur nú einnig að upptökum á öllum einleiksverkum J.S. Bach fyrir fiðlu. Hlíf er eftirsóttur kennari, hefur haldið námskeið á Spáni og kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Hjörleifur Valsson lauk einleikarprófi frá tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993 og hlaut þá styrk frá tékkneska ríkinu til náms við Prag konservatoríið. Þar nam hann fiðluleik og kammertónlist í þrjú ár, auk þess að leika með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum þar í borg. Hjörleifur lauk Dipl. Mus. gráðu frá Folkwang Hochschule í Essen sumarið 2000. Á námsárum sínum í mið-evrópu sótti hann námskeið hjá Grigorij Zhislin, Truls Mörk, Pierre Amoyal, Sergej Stadler, Pavel Gililov o.fl. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu, samið og útsett tónlist fyrir leikhús og tekið þátt í upptökum fyrir útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og hljómplötuútgáfur. Hjörleifur starfar nú sem fiðluleikari á Íslandi og kennir fiðluleik við tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Netútgáfa

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Duo Landon

Hlíf Sigurjónsdóttir
og
Hjörleifur Valsson
fiðluleikarar



Þriðjudaginn 26. júlí 2005 kl. 20:30

Béla Bartók (1881 – 1945), eitt virtasta tónskáld Ungverja, er af mörgum þekktastur fyrir söfnun og skráningu þjóðlaga, bæði frá heimalandi sínu, en einnig öðrum löndum suðaustur Evrópu, svo sem Transylvaníu, Slóvakíu, Serbíu, Rúmeníu, Úkraínu og jafnvel Arabíu. Þessi tónlist almennings varð hans eigið tónmál og má heyra í gegn í öllum verkum hans.

Á árunum 1930 – 32 samdi Bartók *44 Dúó* fyrir tvær fiðlur sem kennsluæfingar fyrir þýska kennarann Erich Doflein. Þess má geta að fleiri tónskáld sömdu fyrir Doflein, m.a. Hindermith: *Fjórtaán lítil lög*.

Efnið í dúettana fjörutíu og fjóra sækir Bartók í þjóðlagasafn sitt og fjalla lögin um daglegt líf þessa fólks, gleði og sorgir.

„*Christophe Landon er mjög vel þekktur franskur boga- og fiðlusmiður sem býr í New York en ferðast víða um heim. Meðal viðskiptavina hans eru meðlimir New York Philharmonic, Berliner Philharmonik og Guarneri String Quartet. Eftir heimsókn hans til Íslands í febrúar síðast liðnum óskaði hann eftir því við okkur, sem bæði leikum á fiðlur sem hann hefur smíðað, að við hljóðrituðum 44 Dúó fyrir tvær fiðlur eftir Béla Bartók fyrir geisladisk sem hann gæfi út. Er það okkur jafnt heiður sem ánægja því samhljómur þessara tveggja fiðla Landons er því lík uppspretta og innblástur sköpunargleði að það er sem þær leiki sjálfar í höndum okkar.*“

Hlíf og Hjörleifur

44 Dúó

<i>i</i>		<i>iv</i>	
44	Transylvanískur dans	11	Vögguljóð
19	Ævintýri	22	Mýflugnadansinn
16	Burlesque	30	Nýárskveðja
28	Sorg	13	Brúðkaupsdans
43	Pizzicato	31	Nýárskveðja
36	Sekkjarpípur	32	Dans frá Maramaros
21	Nýárskveðja		
42	Arabískur söngur		
<i>ii</i>		<i>v</i>	
1	Daðurljóð	15	Hermannasöngur
8	Slóvakískur söngur	26	Stríðnissöngur
14	Koddadans	3	Menúett
6	Ungverskur söngur	5	Slóvakískur söngur
20	Víxlsöngur	29	Nýárskveðja
9	Leikur	12	Töðugjöld
23	Brúðkaupssöngur	40	Söngur frá Mæri
24	Glettnislag		
41	Gletta		
<i>iii</i>		<i>vi</i>	
7	Söngur frá Mæri	17	Ungverskur mars
25	Ungverskur söngur	18	Ungverskur mars
33	Töðugjöld	38	Rúmenskur dans
4	Jónsmessunætursöngur	37	Forleikur og keðjusöngur
34	Hringdans	10	Ruthneskur söngur
2	Dans	35	Ruthneskur söngur
27	Dans hinna höltu	39	Serbnenskur dans

Hlíf Sigurjóns furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto and Banff School of Fine Arts. Later she studied with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York. During her studies, she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century, such as William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci and Igor Oistrach.

Sigurjóns has performed numerous concerts, as a soloist or with groups and symphony orchestras. Recent concert sites include New York - Weill hall of Carnegie Hall - and Washington DC - as a part of *The Embassy Series*. Currently she is recording for CD all Bach's partitas and sonatas. Sigurjóns is sought after as a teacher and gives private lessons in Iceland, Spain and New York.

Upon graduation with the soloist diploma from the Oslo Music Academy, **Hjörleifur Valsson** received a grant from the Czechoslovakian government to study at the Conservatory in Prague. After three years there he went to further his studies in Essen, Germany, and received his Dipl. Mus. degree from the Folkwang Hochschule in the summer of 2000. While on the Continent Valsson visited the masterclasses of Grigorij Zhislin, Truls Mörk, Pierre Amoyal, Sergej Stadler and Pavel Gililov. Valsson has appeared in numerous concerts and recitals in Europe. He has composed and arranged music for theatre, recorded for radio and TV, movies and CDs. Valsson works as a violinist and teaches at the Hafnafjörður Music School in Iceland.

„The French born Christopher Landon has a great reputation as a bow-and violin maker as well as a very respected dealer of fine instruments. He lives in New York, but his work takes him all over the world. Among his clients one finds members of the New York Philharmonic, Berlin Philharmonic and the Guarneri String Quartet. When Landon visited Iceland in February last, he commissioned us to record the 44 Duos for two violins by Béla Bartók, since we both play violins of his. We are honoured and thrilled to undertake this task because Landon's violins are such an inspiration to play on, it's almost as they play by themselves, and take us along“.

Hlíf Sigurjóns and Hjörleifur Valsson

44 Duos

<i>i</i>		<i>iv</i>	
44	Transylvanian Dance	11	Lullaby
19	Fairy Tale	22	Mosquito Dance
16	Burlesque	30	New Years Greeting
28	Sorrow	13	Wedding Dance
43	Pizzicato	31	New Years Greeting
36	Bagpipes	32	Dance from Maramaros
21	New Years Greeting		
42	Arabian Song		
<i>ii</i>		<i>v</i>	
1	Match making Song	15	Soldier's Song
8	Slovak Song	26	Teasing Song
14	Cushion Dance	3	Menuetto
6	Hungarian song	5	Slovak Song
20	Alternating Song	29	New Years Greeting
9	Play Song	12	Harvesting song
23	Wedding Song	40	Walachian Song
24	Scherz-tune		
41	Scherzo		
<i>iii</i>		<i>vi</i>	
7	Walachian Song	17	Hungarian Marsch
25	Hungarian Song	18	Hungarian Marsch
33	Harvesting Song	38	Rumanian Dance
4	Midsummer Night Song	37	Prelude and Canon
34	Counting Song	10	Ruthenian Song
2	Dance	35	Ruthenian Song
27	Limping Dance	39	Serbien Dance